

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI
- RICHARD WAGNER VERBAND, ISLAND-
VESTURGATA 36B, 101 REYKJAVÍK. SÍMI/FAX: 5517292

Reykjavík 28. janúar 1996

Kæru stofnfélagar og aðrir áhugamenn um Richard Wagner.

Þann 12. desember s.l. var stofnfundur Richard Wagner félagsins á Íslandi haldinn á Hótel Holti. Þar voru m.a. samþykkt lög hins nýja félags og kjörin stjórn þess, sem nú hefur skipt með sér verkum:

Selma Guðmundsdóttir formaður, Jóhann J. Ólafsson, varaformaður, Jóhannes Jónasson, ritari, Barði Árnason, gjaldkeri, Sólrún Jensdóttir, meðstjórnandi, Árni Björnsson, varastjórn, Árni Tómas Ragnarsson, varastjórn, Gretar Ívarsson, varastjórn.

Stofnfélagar eru nú þegar orðnir á annað hundrað talsins, en hægt er að skrá sig sem stofnfélaga til 1. mars n.k. Stjórn félagsins hvetur áhugafólk, sem enn hefur ekki skráð sig, til að slást í hópinn.

Á stofnfundinum voru m.a. gerðar eftirfarandi samþykktir:

1. Félagsgjald fyrir einstaklinga er 1200 kr., en fyrir hjón 1800 kr. Einstaklingar undir 18 ára aldri fá ókeypis aðild. Stofnanir og fyrirtæki greiða kr. 5000. Með þessu bréfi fylgja gíróseðlar til skráðra félagsmanna og óskast þeir greiddir sem fyrst.

2. Skorað var á RÚV-Sjónvarp að taka til sýninga upptöku þá sem Sjónvarpið gerði á sýningu Niflungahringsins í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð 1994.

3. Samþykkt var að sækja um aðild að alþjóðlegum samtökum Wagnerfélaga (Richard Wagner-Verband International). Það hefur nú þegar verið gert og er íslenska Wagnerfélagið orðið fullgildur aðili. Félagið verður áskrifandi að tímariti alþjóðasamtakanna og verður félögum gert kleift að fylgjast með því helsta sem þar er boðið upp á (m.a. málþingum og skipulögðum hópferðum aðildarfélaga til að sjá óperusýningar eða annað tengt Richard Wagner). Í tímaritinu er auk þess miðlað upplýsingum um starfsemi Wagnerfélaga í ýmsum löndum.

Á stofnfundinum var kynnt hin nýútkomna bók, "*Wagner's Ring and Its Icelandic Sources*", en hún er á ensku og gefin út af Stofnun Sigurðar Nordals. Í bókinni eru erindi frá málþingi um Richard Wagner og íslenskar fornbókmenntir, sem haldið var í Norræna húsinu 29. maí 1994, en þar töluðu m.a. Þorsteinn Gylfason, Vésteinn Ólason, Lars Lönnroth og Barry Millington. Bókin er til sölu hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Félagið hefur til sölu nokkur eintök af ítarlegri leikskrá sýningar Niflungahringsins á Listahátíð með fróðlegum greinum eftir m.a. Jóhannes Jónasson, Árna Björnsson og Reyni Axelsson.

Bayreuthferð sumarið 1996.

Þau ánægjulegu tíðindi hafa nú gerst að félagsmenn eiga þess kost að fá 20 miða á Wagnerhátíðina í Bayreuth á komandi sumri. Um er að ræða 10 miða á Tristan og Isolde 4. ágúst, og 10 miða á Parsifal 5. ágúst. Verð aðgöngumiða á sýningu er frá 160 DM upp í 280 DM. Þeir sem hafa áhuga á að fara þurfa að tilkynna sig fyrir 20. febrúar og er gert ráð fyrir því að greiða þurfi miðana í síðasta lagi 5. mars.

Ef eftirspurn eftir miðum reynist mikil verður reynt að fá fleiri miða árið 1997 og jafnvel að reyna að tryggja félagsmönnum takmarkaðan fjölda miða á Bayreuthhátíðina á hverju ári. Því er mikilvægt að þeir sem áhuga hafa á að sjá sýningar í Bayreuth á næstu árum láti Selmu Guðmundsdóttur eða Árna Tómas Ragnarsson vita á næstu vikum, en þeir sem vilja fá miða í sumar fyrir 20. febrúar. (Vesturgata 36B, 101R, sími/fax: 5517292).

Dagskrá Richard Wagner félagsins í vetur:

13. febrúar kl. 20: Myndbands- og kynningarkvöld á Hótel Holti:

1. Sagt frá Bayreuthferð sumarsins 1996. Stutt kynning á óperunum, sem standa til boða, þ.e. Tristan og Isolde í uppsetningu Heiners Müller, og Parsifal í uppsetningu Wolfgangs Wagner.

2. Sýndur af myndbandi 1. þáttur Valkyrjunnar í uppsetningu Harrys Kupfer í Bayreuth.

Félagsmenn og aðrir gestir velkomnir. Veitingar seldar, en aðgangur ókeypis.

5. apríl, föstudagurinn langi, kl. 14.00: Parsifal (frá Metropolitan).

Myndbandssýning í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, Lækjargötu 14a (á baðstofulofti, 3. hæð). Aðfararorð: Séra Hjalti Guðmundsson.

Mars/apríl: Fræðslukvöld um Richard Wagner og íslenskar fornbókmenntir í umsjá Árna Björnssonar og Jóhannesar Jónassonar í samvinnu við Félag íslenskra fræða. Nánar kynnt síðar.

Auk þess eru fyrirhugaðir í vor eða haust tónleikar með bandarísku söngkonunna Lia Frey-Rabine, sem söng Brünnhilde í íslensku uppfærslunni á Hringnum. Nánar kynnt síðar.

Með kærri kveðju,

Selma Guðmundsdóttir

Selma Guðmundsdóttir, formaður.